12.2 Undirbúningi vegna byggingar stöðva á hafi úti skal hagað þannig að öryggi stöðvanna og stöðugleiki sé tryggður.

12.3 Búnaður sá sem notaður er við byggingarframkvæmdirnar sem um getur í 12.1 skal vera þannig gerður að áhætta starfsmanna í jarðefnanámi með borunum sé eins lítil og mögulegt er.

Nr. 554 19. september 1996

REGLUR

um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið með reglum þessum er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með líffræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun af þeim.

2. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. „líffræðilegur skaðvaldur“: örverur, þar með taldar þær sem breytt hefur verið með erfðatækni, frumurækt og innri snýkjudýr í fólki, sem vera má að valdi smitun, ofnæmi eða eitrun af einhverju tagi;

b. „örvera“: örverufræðileg eining, mynduð af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis;

c. „frumurækt“: frumur sem ræktaðar hafa verið úr fjölfruma lífverum í tilraunaglasi (in vitro);

2. „Líffræðilegir skaðvaldar“ skulu flokkaðir í fernt eftir smithættu:

a. „líffræðilegur skaðvaldur af 1. flokki“: líffræðilegur skaðvaldur sem litlar líkur eru á að valdi sjúkdómum í mönnum;

b. „líffræðilegur skaðvaldur af 2. flokki“: líffræðilegur skaðvaldur sem valdið getur sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað hætta af; lítil hætta er á að hann berist út í samfélagið; oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð;

c. „líffræðilegur skaðvaldur af 3. flokki“: líffræðilegur skaðvaldur sem valdið getur alvarlegum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað mikil hætta af; hætta getur verið á að hann berist út í samfélagið en oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð;

d. „líffræðilegur skaðvaldur af 4. flokki“: líffræðilegur skaðvaldur sem veldur alvarlegum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum stafar mikil hætta af; hætta getur verið á að hann berist út í samfélagið; oftast er ekki völ á árangursríkri forvörn eða meðferð.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

4. gr.
Áhættumat.

1. Þegar líklegt er að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna líffræðilegra skaðvalda skulu atvinnurekendur ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að gerlegt sé að meta alla hættu sem heilsu og öryggi starfsmanna er búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa. Eftirfarandi reglur skulu einnig gilda um matið:

a. ef starfsemi er þess eðlis að starfsmenn geti orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum af fleiri en einum flokki skal áhættan metin á grundvelli þeirrar hættu sem allir líffræðilegir skaðvaldar á staðnum hafa í för með sér;
b. matið verður að endurtaka reglulega og ætíð ef breyting verður á aðstæðum þeim sem áhrif hafa á mengun líffræðilegra skaðvalda sem starfsmenn verða fyrir;
c. atvinnurekanda er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati, óski það þess.

2. Mat það sem um getur í 1. tölulið skal gert á grundvelli allra tiltækra upplýsinga og þar á meðal eftirfarandi:

a. flokkunar líffræðilegra skaðvalda sem eru eða geta verið hættulegir heilsu manna, eins og um getur í 16. gr.;
b. upplýsinga um sjúkdóma sem komið geta fram vegna vinnu starfsmanna;
c. hugsanlegrar mengunar sem veldur ofnæmi eða eitrun vegna vinnu starfsmanna;
d. þekkingar um sjúkdóm sem starfsmaður reynist haldinn og sem tengist starfi hans beint.

3. Sýni niðurstöður matsins sem um getur í 1. og 2. tölul., að mengunar eða mögulegrar mengunar líffræðilegra skaðvalda af 1. flokki gæti, án þess að hægt sé að merkja að heilsu starfsmanna stafi hætta af, skulu 5. - 15. gr. ekki gilda. Eigi að síður ber að fara eftir 1. mgr. í VI. viðauka.

4. Sýni niðurstöður matsins sem um getur í 1. og 2. tölulið, að við starfsemina sé ekki af ásettu ráði unnið með líffræðilega skaðvalda eða þeir notaðir, en hugsanlegt sé að starfsmenn verði fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum við störf af því tagi sem talin eru upp í viðmiðunarskránni í I. viðauka, skulu 5., 7., 8., 10., 11., 12. og 13. gr. gilda, nema matið sem um getur í 2. og 3. tölul. sýni að þess sé ekki þörf.

5. gr.
Útskipti.

Atvinnurekandi skal forðast að nota líffræðilegan skaðvald ef eðli starfseminnar leyfir það, með því að nota í stað þess líffræðilegan skaðvald sem ekki er hættulegur eða er síður hættulegur heilsu starfsmanna við þær aðstæður þar sem hann er notaður, samkvæmt vitneskju á hverjum tíma.

6. gr.
Dregið úr áhættu.

1. Þegar niðurstöður af mati því sem um getur í 4. gr. leiða í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna er hætta búin og ekki er unnt að beita ákvæðum 5. gr. skal koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun, sbr. þó 2. tölul.

2. Sé slíkt ekki tæknilega gerlegt, ber að draga úr hættu með eftirtöldum ráðstöfunum, að teknu tilliti til starfseminnar og áhættumats þess sem um getur í 4. gr.:

a. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verða fyrir mengun;

b. að haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því að líffræðilegir skaðvaldar berist út á vinnustað, eða slíku sé haldið í lágmarki;
c. að gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt. Sé ekki hægt að komast hjá mengun með öðrum ráðum skal gera ráðstafanir til að vernda einstaklinga; t.d. með persónuhlífum;
d. að gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að líffræðilegir skaðvaldar séu fluttir til eða berist af slysni út af vinnustaðnum;
e. að nota skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga og sýnt er í II. viðauka, svo og önnur viðvörunarskilti sem máli skipta;
f. að semja áætlanir um hvernig bregðast skuli við slysum í sambandi við líffræðilega skaðvalda;
g. að viðhafa nauðsynlegt og tæknilega framkvæmanlegt eftirlit með því hvort líffræðilega skaðvalda, sem notaðir eru á vinnustað, sé að finna utan tiltekinna svæða þar sem þeir eru einangraðir;
h. að láta safna saman úrgangi, geyma hann og farga honum á öruggan hátt, meðal annars með því að nota þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt, eftir viðeigandi meðferð og eftir því sem við á;
i. að sjá til þess að meðhöndlun og flutningur líffræðilegra skaðvalda innan vinnustaðarins sé með öruggum hætti.

7. gr.

Upplýsingaskylda.

1. Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin, ber atvinnurekendum, ef um það er beðið, að gefa Vinnueftirliti ríkisins viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi:
a. niðurstöður matsins;
b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum;
c. hve margir starfsmenn urðu fyrir mengun;
d. nafn og hæfni öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum;
e. hvaða verndar- og forvarnarráðstafanir eru gerðar, þar á meðal starfshættir og vinnuaðferðir;
f. neyðaráætlun til að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum af 3. eða 4. flokki, þótt einangrun bregðist.

2. Atvinnurekendur skulu tafarlaust upplýsa Vinnueftirlit ríkisins um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að líffræðilegir skaðvaldar hafi borist út og valdið alvarlegri sýkingu í mönnum og/eða sjúkdómum.

8. gr.

Hreinlætiskröfur og vernd einstakra starfsmanna.

1. Við hvers kyns starfsemi sem hefur í för með sér að heilsu eða öryggi starfsmanna er hætta búin vegna vinnu við líffræðilega skaðvalda ber atvinnurekendum skylda til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:
a. að starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar á vinnusvæðum þar sem hætta er á mengun líffræðilegra skaðvalda;
b. að starfsmönnum sé séð fyrir viðeigandi hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi;
c. að starfsmönnum sé séð fyrir nægilegri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu, þar á meðal getur talist augnvökvi og efni til að sótthreinsa húð;

d. að allar hlífar sem með þarf séu geymdar á réttan hátt á vísum stað, athugaðar og þrifnar fyrir notkun ef það er gerlegt og skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar og lagfærðar ef þær bila eða skipt er um þær áður en þær eru notaðar frekar;
e. að tilgreindir séu starfshættir við að taka sýni úr mönnum eða dýrum, meðhöndla þau eða athuga.

2. Þegar vinnusvæði er yfirgefið er skylt að fjarlægja vinnuföt og hlífar sem um er rætt í 1. tölulið og kunna að hafa mengast af líffræðilegum skaðvöldum og ber að koma þeim í geymslu fjarri öðrum fatnaði. Atvinnurekenda ber að tryggja að slík föt og hlífar séu hreinsuð og þrifin, eða þeim fargað ef þess er þörf.

3. Starfsmenn eiga ekki að bera kostnað af þeim ráðstöfunum sem nefndar eru í 1. og 2. tölul.

9. gr.

Fræðsla starfsmanna og þjálfun þeirra.

1. Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar fái nægilega og viðeigandi þjálfun, sem byggist á öllum tiltækum upplýsingum, einkum upplýsingum og leiðbeiningum um eftirfarandi:

a. hugsanlegt heilsutjón;
b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun;
c. hreinlætiskröfur;
d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar;
e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.

2. Þjálfun sú sem um getur í 1. tölul. skal veitt þegar starf sem felur í sér snertingu við líffræðilega skaðvalda hefst og skal hún löguð að nýrri eða breyttri áhættu og endurtekin reglulega ef þörf er á.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna í einstökum tilvikum.

1. Atvinnurekendur skulu sjá til þess að skriflegar verklagsreglur liggi frammi á vinnustöðum og kynna þær fyrir starfsmönnum, þar sem að minnsta kosti komi fram hvaða starfsháttum skuli fylgja í eftirfarandi tilvikum:

a. ef alvarlegt slys eða óhapp verður þar sem verið er að meðhöndla líffræðilega skaðvalda;
b. þegar líffræðilegur skaðvaldur af 4. flokki er meðhöndlaður.

2. Starfsmenn skulu samstundis tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp þar sem verið er að meðhöndla líffræðilega skaðvalda.

3. Atvinnurekendur skulu upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem líffræðilegur skaðvaldur hefur hugsanlega borist út og gæti valdið alvarlegu smiti eða veikindum meðal manna svo og eins skjótt og framast er unnt um orsakir þeirra og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að ráða bót á ástandinu.

4. Hver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða hann sérstaklega og tilgreindar eru í skrá þeirri sem um getur í 11. gr.

5. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast einstaklingum.

6. Sé þess óskað ber atvinnurekendum að sjá starfsmönnum eða fulltrúum þeirra fyrir upplýsingum þeim sem kveðið er á um í 1. tölul. 7. gr.

11. gr.

Skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir mengun.

1. Atvinnurekendur skulu halda skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum af 3. eða 4. flokki, þar sem fram komi hvers konar starf er um að ræða og, ef unnt er, af hvaða líffræðilegum skaðvaldi viðkomandi hafi mengast, ásamt lýsingu á mengun, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.

2. Geyma ber skrána sem um getur í 1. tölul. í tíu ár hið minnsta eftir að starfsmenn urðu síðast fyrir mengun í samræmi við gildandi lög og reglur.

3. Geyma ber skrána í lengri tíma eftir því sem við á, eða allt að fjörutíu ár frá því að vitað er að menn urðu síðast fyrir mengun, sé um að ræða mengun sem valdið getur eftirfarandi smitun:

a. smitun af líffræðilegum skaðvöldum sem vitað er að valdið geta þrálátri eða dulinni sýkingu,
b. smitun sem í ljósi núverandi þekkingar er ekki hægt að greina fyrr en sjúkdómur kemur fram mörgum árum síðar,
c. smitun sem hefur sérlega langan meðgöngutíma áður en sjúkdómur kemur fram,
d. smitun sem leiðir til sjúkdóma sem blossa upp við og við þrátt fyrir meðferð,
e. smitun sem haft getur alvarlegar afleiðingar til langs tíma.

4. Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsueftirlit það er um getur í 14. gr. skulu hafa aðgang að skránni sem getið er um í 1. tölul.

5. Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal koma skránum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Varðveisla á skránum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

12. gr.

Tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins.

1. Senda skal Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu að minnsta kosti 30 dögum áður en vinnan hefst þegar notaðir eru í fyrsta sinn eftirfarandi líffræðilegir skaðvaldar:

a. líffræðilegir skaðvaldar af 2. flokki;
b. líffræðilegir skaðvaldar af 3. flokki;
c. líffræðilegir skaðvaldar af 4. flokki.

2. Einnig ber, með fyrirvara um 3. tölulið, að senda tilkynningu áður en annar líffræðilegur skaðvaldur af 4. flokki er notaður í fyrsta sinn, eða nýr líffræðilegur skaðvaldur af 3. flokki, þegar atvinnurekandi skipar líffræðilega skaðvaldinum í flokk sjálfur til bráðabirgða.

3. Rannsóknarstofum sem veita greiningarþjónustu í tengslum við líffræðilega skaðvalda af 4. flokki skal einungis skylt að tilkynna í upphafi um ætlan sína.

4. Endurtilkynningu þarf ætíð að senda ef vinnsluferli eða vinnutilhögun er breytt verulega og það hefur þýðingu á sviði öryggis og hollustu á vinnustað, þannig að fyrri tilkynning sé úrelt.

5. Í tilkynningu þeirri sem fjallað er um í þessari grein skal eftirfarandi koma fram:

a. heiti og heimilisfang fyrirtækis eða stofnunar;
b. nafn öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar á vinnustaðnum og hver hæfni hans er;
c. niðurstöður af mati því sem um getur í 4. gr.;
d. tegund hins líffræðilega skaðvalds;
e. fyrirhuguð vernd og forvarnarráðstafanir.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Heilsueftirlit.

1. Þegar matið skv. 4. gr. leiðir í ljós að starfsmenn búi við hættu fyrir heilsu eða öryggi, skulu atvinnurekendur, í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðanir og heilsuvernd, skipuleggja viðeigandi heilsueftirlit fyrir þá starfsmenn.

2. Skipulagið sem um getur í 1. tölulið skal vera á þann veg að hver starfsmaður geti, þegar við á, gengist undir viðeigandi heilsueftirlit áður en hann hefur störf, þar sem hætta er á mengun og með reglulegu millibili eftir það. Skipulagið skal gera kleift að koma við aðhlynningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustöðum án tafar.

3. Í mati því sem um getur í 4. gr. ber að tilgreina þá starfsmenn sem kynnu að þarfnast sérstakra verndarráðstafana.

Rétt er að veita starfsmönnum kost á viðeigandi bólusetningu, ef þeir eru ekki þegar ónæmir fyrir þeim líffræðilega skaðvaldi sem þeir verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun af.

Komi í ljós að starfsmaður hafi orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunarinnar, skulu læknar þeir, sem bera ábyrgð á heilsueftirliti með starfsmönnum, gefa öðrum starfsmönnum, sem hafa unnið við sömu aðstæður, kost á að gangast undir heilsueftirlit.

Í þessum tilvikum ber að endurmeta áhættu vegna mengunar í samræmi við 4. gr.

4. Við framkvæmd heilsueftirlits skal geyma sjúkrasögu einstaklinga í tíu ár hið minnsta eftir að þeir urðu síðast fyrir mengun, í samræmi við lög og gildandi reglur.

Í þeim sérstöku tilvikum sem um getur í 3. tölulið 11. gr. ber að geyma skýrslur um heilsufar einstaklinga í hæfilega langan tíma, allt að fjörutíu ár eftir að þeir urðu síðast fyrir mengun.

5. Þeim sem ábyrgð ber á heilsueftirliti, ber að gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnarráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna.

6. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og leiðbeiningar um heilsueftirlit sem þeir eiga kost á þegar þeir verða ekki lengur fyrir mengun.

7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsueftirlits er þá varðar. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsueftirlits verði endurskoðaðar.

8. Tillögur um framkvæmd heilsueftirlits með starfsmönnum eru lagðar fram í IV. viðauka.

9. Tilkynna ber Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem eru álitin stafa af mengun af líffræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum.

10. Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal koma sjúkrasögum og heilsufarsskýrslum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Varðveisla á þeim gögnum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

14. gr.
Heilsugæslu- og dýralækningastöðvar aðrar en greiningarstofur.

1. Að því er varðar mat það sem um getur í 4. gr. skal taka sérstakt tillit til eftirfarandi:

a. óvissu um það hvort líffræðilega skaðvalda er að finna í sjúklingum eða dýrum og í efni eða sýnum sem tekin eru úr þeim;

b. þeirrar hættu sem skapast af líffræðilegum skaðvöldum sem vitað er eða grunur leikur á að sé að finna í sjúklingum eða dýrum og í efni eða sýnum sem tekin eru úr þeim;

c. áhættu þeirrar sem fylgir eðli starfsins.

2. Á heilsugæslu- eða dýralækningastöðvum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að standa vörð um heilsu og öryggi hlutaðeigandi starfsmanna. Ráðstafanir þessar skulu meðal annars fela í sér eftirfarandi:

a. að viðeigandi tilhögun við hreinsun og sótthreinsun sé tilgreind,

b. að tilhögun við að meðhöndla sóttnæman úrgang og farga honum á öruggan hátt sé ákvörðuð.

3. Þar sem hafðir eru í sóttkví sjúklingar eða dýr, sem sýkt eru eða grunur leikur á að séu sýkt af líffræðilegum skaðvöldum af 3. eða 4. flokki, skal velja einangrunarráðstafanir úr V. viðauka til að minnka smithættu eins og framast er unnt.

15. gr.

Sérstakar ráðstafanir fyrir iðnaðarstarfsemi, rannsóknarstofur og dýravistun.

1. Eftirfarandi ráðstafanir ber að gera á rannsóknarstofum, þar með talið greiningarstofur, og þar sem vistuð eru tilraunadýr sem sýkt hafa verið af ásettu ráði með líffræðilegum skaðvöldum af 2., 3. eða 4. flokki, eða grunur leikur á að beri smit af þessu tagi:

a. rannsóknarstofur þar sem unnið er með líffræðilega skaðvalda af 2., 3. eða 4. flokki vegna rannsókna, þróunarstarfs, kennslu eða greiningar, skulu ákveða einangrunarráðstafanir í samræmi við V. viðauka til að minnka smithættu eins og framast er unnt;

b. eftir að mati því sem um getur í 4. gr. er lokið, skal gera ráðstafanir í samræmi við V. viðauka, eftir að ákveðið hefur verið að hve miklu leyti ber að einangra hina líffræðilegu skaðvalda eftir áhættu. Starfsemi þar sem unnið er með líffræðilega skaðvalda skal aðeins stunduð á eftirfarandi vinnustöðum:

   i. á vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 2. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald af 2. flokki,

   ii. á vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 3. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald af 3. flokki,

   iii. á vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 4. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald af 4. flokki;

c. á rannsóknarstofum þar sem unnið er með efni sem óvíst er hvort innihaldi líffræðilega skaðvalda er valdið geti sjúkdómum í mönnum. Þar sem tilgangurinn er hinsvegar ekki að vinna með líffræðilegu skaðvaldana sem slíka (það er að segja að rækta þá eða þétta), skal að minnsta kosti 2. stigs einangrun viðhöfð. Skylt er að viðhafa 3. eða 4. stigs einangrun, eftir því sem við á, þar sem vitað er eða grunur leikur á að þess sé þörf, nema Vinnueftirlit ríkisins telji að í ákveðnum tilvikum sé einangrun á lægra stigi við hæfi.

2. Eftirfarandi ráðstafanir verður að gera varðandi iðnaðarstarfsemi þar sem líffræðilegir skaðvaldar af 2., 3. eða 4. flokki eru notaðir:

a. starfsemi með líffræðilegan skaðvald af 2. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar að minnsta kosti 2. stigs einangrun;

b. starfsemi með líffræðilegan skaðvald af 3. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar að minnsta kosti 3. stigs einangrun;

c. starfsemi með líffræðilegan skaðvald af 4. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar 4. stigs einangrun.

3. Starfsemi sem grein þessi tekur til, þar sem ekki hefur reynst unnt að meta áhættu af líffræðilegum skaðvöldum með ótvíræðum hætti, en svo virðist sem fyrirhuguð not gætu stefnt heilsu starfsmanna í alvarlega hættu, má einungis stunda á vinnustöðum þar sem að minnsta kosti 3. stigs einangrun er viðhöfð.

16. gr.

Flokkun líffræðilegra skaðvalda.

1. Flokkun skal byggjast á skilgreiningum í 2. tölul. 3. gr.

2. Sé ekki unnt að flokka líffræðilega skaðvaldinn með vissu í einn þeirra flokka sem skilgreindir eru í 2. tölulið. 3. gr., verður að skipa honum í hæsta áhættuflokkinn af þeim sem til greina koma.

IV. KAFLI

Áfrýjun úrskurða, refsiákvæði, gildistaka.

17. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

18. gr.

Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

19 gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 39. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 15. tölul., XVIII. viðauka, tilskipun 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum eins og henni var breytt með tilskipun 93/88/EBE og tilskipun 95/30/ESB. Reglur þessar, sem öðlast gildi við birtingu, staðfestast hér með.

Starfandi fyrirtæki sem falla undir ákvæði reglnanna skulu uppfylla ákvæði þeirra í síðasta lagi 6 mánuðum eftir gildistöku þeirra.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARSKRÁ UM STÖRF.

(4. tölul. 4. gr.)

1. Störf í matvælaiðnaði.
2. Landbúnaðarstörf.
3. Störf sem fela í sér snertingu við dýr og/eða vörur úr dýraríkinu.
4. Heilsugæslustörf, þar með talin störf við sóttkví og við meðferð líka.
5. Störf í rannsóknarstofum þar sem unnið er í þágu heilsugæslu eða dýralækninga eða við sjúkdómsgreiningu, að undanskildum rannsóknarstofum til örverufræðilegrar sjúkdómsgreiningar.
6. Störf við sorpeyðingarstöðvar.
7. Störf við skolphreinsunarstöðvar.

II. VIÐAUKI

MERKI FYRIR HÆTTU AF LÍFFRÆÐILEGUM TOGA.
(e-liður 2. tölul. 6. gr.)



III. VIÐAUKI

FLOKKUN BANDALAGSINS.
(16. gr. og 2. tl. 3. gr.)

Inngangsathugasemdir.

1. Í samræmi við gildissvið skal eingöngu tilgreina á listanum skaðvalda sem vitað er að smiti menn.
   Eftir því sem við á er gefið til kynna hvort þessir skaðvaldar geti valdið eiturhrifum eða ofnæmi.
   Dýra- og plöntusóttkveikjur sem vitað er að hafa áhrif á menn eru undanskildar. Erfðabreyttar örverur eru ekki tilgreindar í þessum fyrsta lista yfir líffræðilega skaðvalda.
2. Listinn yfir flokkaða skaðvalda byggist á því hvaða áhrif þessir skaðvaldar hafa á heilbrigða starfsmenn.
   Ekki er sérstaklega tekið mið af tilteknum áhrifum sem þeir starfsmenn geta orðið fyrir ef þeir eru næmir fyrir áhrifum á einn eða annan hátt, til dæmis vegna sjúkdóms sem þeir kunna að ganga með, lyfjagjafar, skerts ónæmis, þungunar eða brjóstagjafar.
   Við áhættumatið sem krafist er í þessum reglum skal einnig taka tillit til þeirrar aukinnar áhættu sem starfsmenn þessir standa andspænis.
   Tæknilegu varnarráðstafanirnar sem gripið er til í tengslum við tiltekin framleiðsluferli í iðnaði, við tiltekna rannsóknarstofuvinnu eða tiltekna vinnu þar sem dýr koma við sögu og þar sem líffræðilegir skaðvaldar úr 3. og 4. flokki hafa hugsanlega eða sannarlega áhrif á starfsmenn skulu samræmast 15. gr. reglnanna.
3. Líffræðilegir skaðvaldar sem ekki eru flokkaðir í 2. til 4. flokk á listanum flokkast ekki skilyrðislaust í 1. flokk. Ef vitað er að fleiri en ein tegund skaðvalda sem eru sóttvaldandi í mönnum skulu þær tegundir sem vitað er að eru oftast sóttvaldandi tilgreindar á listanum, ásamt almennri skírskotun til þeirrar staðreyndar að aðrar tegundir af sömu ætt geti haft áhrif á heilsu manna.
4. Ef stofn veiklast eða hefur misst þekkt sóttvaldandi gen þarf einangrunin sem krafist er samkvæmt flokkun foreldrastofnsins ekki nauðsynlega að gilda, að teknu tilliti til mats sem fram fer á áhættu á vinnustað.
   Sem dæmi um slíkt má nefna að slíkur stofn kann að vera notaður sem framleiðsluvara eða hluti af framleiðsluvöru til sjúkdómsvarna eða lækningar.

5. Flokkunarkerfi skaðvalda sem notað var til að semja þennan lista er í samræmi við og endurspeglar nýjustu þekkingu um flokkunarkerfi fyrir skaðvalda þegar listinn var útbúinn.
6. Listinn yfir flokkaða líffræðilega skaðvalda gefur mynd af þeirri þekkingu sem ráðið var yfir þegar hann var útbúinn.
   Hann verður uppfærður strax og hann gefur ekki lengur mynd af nýjustu þekkingu sem ráðið er yfir.
7. Veirur sem þegar hafa verið einangraðar í mönnum og hafa ekki verið metnar og flokkaðar í þessum viðauka má ekki flokka neðar en í 2. flokk, nema ef sýnt hefur verið fram á að ólíklegt sé að þær valdi sjúkdómum í mönnum.
8. Tilteknir líffræðilegir skaðvaldar sem eru flokkaðir í 3. flokk og eru merktir með stjörnu á listanum (*), geta haft í för með sér takmarkaða smithættu fyrir starfsmenn vegna þess að þeir berast venjulega ekki með loftstraumum.
   Meta skal hvaða einangrunarráðstöfunum skuli beitt vegna slíkra skaðvalda að teknu tilliti til eðlis hinnar tilteknu starfsemi sem í hlut á og magns skaðvaldsins sem um ræðir með það í huga að ákvarða hvort komast megi hjá að grípa til ráðstafananna við tilteknar aðstæður.
9. Kröfur um einangrun samkvæmt flokkun snýkjudýra gilda eingöngu um tiltekin lífsskeið snýkjudýrs þegar hætta er á að það kunni að valda smiti í mönnum á vinnustað.
10. Á listanum skal einnig vera ábending um hvort hætta sé á að líffræðilegir skaðvaldar valdi eiturhrifum eða ofnæmi og hvort áhrifaríkt bóluefni sé tiltækt, eða hvort ráðlegt sé að varðveita lengur en í 10 ár lista yfir starfsmenn sem orðið hafa fyrir mengun.
    Þessar ábendingar eru gefnar til kynna með eftirfarandi bókstöfum:

A: Hugsanleg ofnæmisáhrif
D: Listi yfir starfsmenn sem orðið hafa fyrir mengun af þessum líffræðilega skaðvaldi sem á að varðveita lengur en 10 ár frá því að þeir urðu síðast fyrir mengun
T: Eiturframleiðsla
V: Áhrifaríkt bóluefni tiltækt

Bakteríur og skyldar örverur

Ath.: Að því er viðkemur líffræðilegum skaðvöldum á þessum lista vísar „spp." til annarra tegunda sem vitað er að valdi sjúkdómum í mönnum.

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Actinobacillus actinomycetemcomitans	2	
Actinomadura madurae	2	
Actinomadura pelletieri	2	
Actinomyces gerencseriae	2	
Actinomyces israelii	2	
Actinomyces pyogenes	2	
Actinomyces spp.	2	
Arcanobacterium haemolyticum (corynebacterium haemolyticum)	2	
Bacillus anthracis	3	
Bacteroides fragilis	2	
Bartonella bacilliformis	2	
Bordetella bronchiseptica	2	
Bordetella parapertussis	2	
Bordetella pertussis	2	V
Borrelia burgdorferi	2	
Borrelia duttonii	2	
Borrelia recurrentis	2	
Borrelia spp.	2	
Brucella abortus	3	
Brucella canis	3	
Brucella melitensis	3	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Brucella suis	3	
Campylobacter fetus	2	
Campylobacter jejuni	2	
Campylobacter spp.	2	
Cardiobacterium hominis	2	
Chlamydia pneumoniae	2	
Chlamydia trachomatis	2	
Chlamydia psittaci (fuglastofnar)	3	
Chlamydia psittaci (aðrir stofnar)	2	
Clostridium botulinum	2	T
Clostridium perfringens	2	
Clostridium tetani	2	T, V
Clostridium spp.	2	
Corynebacterium diphtheriae	2	T, V
Corynebacterium minutissimum	2	
Corynebacterium pseudotuberculosis	2	
Corynebacterium spp.	2	
Coxiella burnetii	3	
Edwardsiella tarda	2	
Ehrlichia sennetsu (rickettsia sennetsu)	2	
Ehrlichia spp.	2	
Eikenella corrodens	2	
Enterobacter aerogenes/cloacae	2	
Enterobacter spp.	2	
Enterococcus spp.	2	
Erysipelothrix rhusiopathiae	2	
Escherichia coli (að undanskildum stofnum sem eru ekki sóttvaldandi)	2	
Flavobacterium meningosepticum	2	
Fluoribacter bozemanae (legionella)	2	
Francisella tularensis (tegund A)	3	
Francisella tularensis (tegund B)	2	
Fusobacterium necrophorum	2	
Gardnerella vaginalis	2	
Haemophilus ducreyi	2	
Haemophilus influenzae	2	
Haemophilus spp.	2	
Helicobacter pylori	2	
Klebsiella oxytoca	2	
Klebsiella pneumoniae	2	
Klebsiella spp.	2	
Legionella pneumophila	2	
Legionella spp.	2	
Leptospira interrogans (allar sermigerðir)	2	
Listeria monocytogenes	2	
Listeria ivanovii	2	
Morganella morganii	2	
Mycobacterium africanum	3	V
Mycobacterium avium/intracellulare	2	
Mycobacterium bovis (nema BCG-stofn)	3	V
Mycobacterium chelonae	2	
Mycobacterium fortuitum	2	
Mycobacterium kansasii	2	
Mycobacterium leprae	3	
Mycobacterium malmoense	2	
Mycobacterium marinum	2	
Mycobacterium microti	3 (*)	
Mycobacterium paratuberculosis	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Mycobacterium scrofulaceum	2	
Mycobacterium simiae	2	
Mycobacterium szulgai	2	
Mycobacterium tuberculosis	3	
Mycobacterium ulcerans	3 (*)	
Mycobacterium xenopi	2	
Mycoplasma pneumoniae	2	
Neisseria gonorrhoeae	2	
Neisseria meningitidis	2	
Nocardia asteroides	2	
Nocardia brasiliensis	2	
Nocardia farcinica	2	
Nocardia nova	2	
Nocardia otitidiscaviarum	2	
Pasteurella multocida	2	
Pasteurella spp.	2	
Peptostreptococcus anaerobius	2	
Plesiomonas shigelloides	2	
Porphyromonas spp.	2	
Prevotella spp.	2	
Proteus mirabilis	2	
Proteus penneri	2	
Proteus vulgaris	2	
Providencia alcalifaciens	2	
Providencia rettgeri	2	
Providencia spp.	2	
Pseudomonas aeruginosa	2	
Pseudomonas mallei	3	
Pseudomonas pseudomallei	3	
Rhodococcus equi	2	
Rickettsia akari	3 (*)	
Rickettsia Canada	3 (*)	
Rickettsia conorii	3	
Rickettsia montana	3 (*)	
Rickettsia typhi (Rickettsia mooseri)	3	
Rickettsia prowazekii	3	
Rickettsia rickettsii	3	
Rickettsia tsutsugamushi	3	
Rickettsia spp.	2	
Rochalimaea quintana	2	
Salmonella Arizonae	2	
Salmonella Enteritidis	2	
Salmonella Typhimurium	2	
Salmonella Paratyphi A, B, C	2	V
Salmonella Typhi	3 (*)	V
Salmonella (aðrar sermigerðir)	2	
Serpulina spp.	2	
Shigella boydii	2	
Shigella dysenteriae (tegund 1)	3 (*)	T
Shigella flexneri	2	
Shigella sonnei	2	
Staphylococcus aureus	2	
Streptobacillus moniliformis	2	
Streptococcus pneumoniae	2	
Streptococcus pyogenes	2	
Streptococcus spp.	2	
Streptococcus suis	2	
Treponema carateum	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Treponema pallidum	2	
Treponema pertenue	2	
Treponema spp.	2	
Vibrio cholerae (ásamt El Tor)	2	
Vibrio parahaemolyticus	2	
Vibrio spp.	2	
Yersinia enterocolitica	2	
Yersinia pestis	3	V
Yersinia pseudotuberculosis	2	
Yersinia spp.	2	

(*) sjá 8. mgr. í inngangsathugasemd.

Veirur (*)

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Adenoviridae	2	
Arenaviridae		
Junin-veira	4	
Lassa-sóttarveira	4	
Gerlalaus mengisbólguveira (taugasæknir stofnar)	3	
Gerlalaus mengisbólguveira (aðrir stofnar)	2	
Machupo-veira	4	
Mopeia-veira og aðrar takaríbveirur	2	
Astroviridae	2	
Bunyaviridae		
Bunyamwera-veira	2	
Oropouche-veira	3	
Kaliforníu heilabólguveira	2	
Hantaveirur:		
Hantaan (kóreönsk blæðingarveiki)	3	
Seoul-veira	3	
Puumala-veira	2	
Prospect Hill-veira	2	
Aðrar hanta-veirur	2	
Nairó-veirur:		
Krím-Kongó blæðingarveiki	4	
Hazara-veira	2	
Flebó-veirur:		
Rift Valley-veiki	3	V
Sandflugu-veiki	2	
Toskanaveira	2	
Aðrar *Bunyaviridae* sem vitað er að valdi sjúkdómum	2	
Caliciviridae		
Norwalk-veira	2	
Aðrar Caliciviridae	2	
Coronaviridae	2	
Filoviridae		
Ebolaveira	4	
Marburgveira	4	
Flaviviridae		
Áströlsk heilabólga (Murray Valley-heilabólga)	3	
Mið-Evrópuættuð heilabólguveira úr blóðmaurum	3 (**)	V
Absettarov	3	
Hanzalova	3	
Hypr	3	
Kumlinge	3	
Dengue veirutegundir 1-4	3	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Lifrarbólguveira C	3 (**)	D
Japönsk B-heilabólga	3	V
Kyasanur Forest	3	V
Louping ill	3 (**)	
Omsk [a]	3	V
Powassan	3	
Rocio	3	
Rússnesk vor-sumar-heilabólga (TBE) [a]	3	V
St. Louis-heilabólga	3	
Wesselsbron-veira	3 (**)	
Vestur-Nílarveikisveira	3	
Gulusótt	3	V
Aðrar flavíveirur sem vitað er að valdi sjúkdómum	2	
Hepadnaviridae		
Lifrarbólguveira B	3 (**)	V, D
Lifrarbólguveira D (Delta) [b]	3 (**)	V, D
Herpesviridae		
Cytomegalo-veira	2	
Epstein-Barr-veira	2	
Herpesveira apa (B-veira)	3	
Herpes simplex veirutegundir 1 og 2	2	
Herpesveira varicella-zoster	2	
B-eitlasækin veira í mönnum (HBLV-HHV6)	2	
Orthomyxoviridae		
Inflúensuveirutegundir A, B og C	2	V [c]
Orthomyxoviridae úr blóðmaurum: Dhori og Thogotoveirur	2	
Papovaviridae		
BK- og JC-veirur	2	D [d]
Vörtuveirur í mönnum	2	D [d]
Paramyxoviridae		
Mislingaveira	2	V
Hettusóttarveira	2	V
Newcastleveiki-veira	2	
Parainflúensuveirutegundir 1 til 4	2	
Öndunarvegs samfrymisveira	2	
Parvoviridae		
Smáveira (parvóveira) í mönnum (B 19)	2	
Picornaviridae		
Bráðablæðingar-tárubólguveira (AHC)	2	
Coxsackie-veirur	2	
Echo-veirur	2	
A lifrarbólguveira (iðrarveira í mönnum af tegund 72)	2	V
Mænusóttarveirur	2	V
Nasaveirur	2	
Poxviridae		
Buffalbóluveira [e]	2	
Kúabóluveira	2	
Fílabóluveira [f]	2	
Mjaltakonuveira	2	
Frauðvörtuveira	2	
Apabóluveira	3	V
Orfveira	2	
Hérabóluveira [g]	2	
Vaccinia-veira	2	
Bólusóttarveira (bólusótt og bólusóttarbróðir)	4	V
Bólusóttarbróðir („Variola virus“)	4	V
Yatapox-veira (Tana Yaba)	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Reoviridae		
Colti-veira	2	
Rota-veirur í mönnum	2	
Orbi-veirur	2	
Reo-veirur	2	
Retroviridae		
Ónæmisbæklandi veirur í mönnum	3 (**)	D
T-eitlafrumsæknar veirur í mönnum (HTLV) tegundir 1 og 2	3 (**)	D
SIV-veira [h)]	3 (**)	
Rhabdoviridae		
Hundaæðisveira	3 (**)	V
„Visicular stomatitis"-veira	2	
Togaviridae		
Alfaveirur:		
Austurlensk-hestaheilabólga	3	V
Bebaru-veira	2	
Chikungunya-veira	3 (**)	
Everglades-veira	3 (**)	
Mayaro-veira	3	
Mucambo-veira	3 (**)	
Ndumu-veira	3	
O'nyong-nyong-veira	2	
Ross River-veira	2	
Semliki Forest-veira	2	
Sindbis-veira	2	
Tonate-veira	3 (**)	
Venesúelönsk hestaheilabólga	3	V
Vestræn hestaheilabólga	3	V
Aðrar þekktar alfaveirur	2	
Rauðhundaveira (rauðir hundar)	2	V
Toroviridae	2	
Óflokkaðar veirur		
Blóðlifrarbólguveirur sem hafa ekki verið greindar	3 (**)	D
E-lifrarbólguveira	3 (**)	
Óvenjulegir skaðvaldar sem tengjast [i)]:		
Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómur	3 (**)	D [d)]
Gerstmann-Straeussler-Scheinker-einkenni	3 (**)	D [d)]
Kúru	3 (**)	D [d)]

(*) Sjá 7. mgr. í inngangsathugasemdum.

(**) Sjá 8. mgr. í inngangsathugasemdum.

a) Heilabólga af völdum blóðmaura.

b) Lifrarbólguveira D veldur því aðeins sjúkdómum í starfsmönnum ef um er að ræða samtímis- eða fylgisýkingu af völdum lifrarbólguveiru B.
Bólusetning gegn lifrarbólguveiru B veitir því starfsmönnum sem ekki eru smitaðir af lifrarbólguveiru B vörn gegn lifrarbólguveiru D (Delta).

c) Aðeins fyrir tegundir A og B.

d) Ráðlagt vegna vinnu sem felur í sér beina snertingu við þessa skaðvalda.

e) Tvær veirur eru greindar: Önnur af buffalbólu-tegund (buffalopox type) og hin afbrigði bólusetningarveirunnar.

f) Afbrigði af kúabóluveiru.

g) Afbrigði af bólusetningarveirunni.

h) Á þessari stundu liggja engar sannanir fyrir um að sjúkdómar í mönnum stafi af öðrum retróveirum úr öpum. Í varúðarskyni er mælt með 3. innilokunarstigi þegar unnið er með þær.

i) Ekki liggja neinar sannanir fyrir um smitun í mönnum af völdum þessara skaðvalda sem valda heilahrörnun. Þrátt fyrir það er mælt með 2. innilokunarstigi, að minnsta kosti í varúðarskyni við rannsóknarstofuvinnu.

Snýkjudýr.

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Acanthamoeba castellani	2	
Ancylostoma duodenale	2	
Angiostrongylus cantonensis	2	
Angiostrongylus costaricensis	2	
Ascaris lumbricoides	2	A
Ascaris suum	2	A
Babesia divergens	2	
Babesia microti	2	
Balantidium coli	2	
Brugia malayi	2	
Brugia pahangi	2	
Capillaria philippinensis	2	
Capillaria spp.	2	
Clonorchis sinensis	2	
Clonorchis viverrini	2	
Cryptosporidium parvum	2	
Cryptosporidium spp.	2	
Cyclospora cayetanensis	2	
Dipetalonema streptocerca	2	
Diphyllobothrium latum	2	
Dracunculus medinensis	2	
Echinococcus granulosus	3 (**)	
Echinococcus multilocularis	3 (**)	
Echinococcus vogeli	3 (**)	
Entamoeba histolytica	2	
Fasciola gigantica	2	
Fasciola hepatica	2	
Fasciolopsis buski	2	
Giardia lamblia (giardia intestinalis)	2	
Hymenolepis diminuta	2	
Hymenolepis nana	2	
Leishmania brasiliensis	3 (**)	
Leishmania donovani	3 (**)	
Leishmania ethiopica	2	
Leishmania mexicana	2	
Leishmania peruviana	2	
Leishmania tropica	2	
Leishmania major	2	
Leishmania spp.	2	
Loa loa	2	
Mansonella oardi	2	
Mansonella perstans	2	
Naegleria fowleri	3	
Necator americanus	2	
Onchocerca volvulus	2	
Opisthorchis felineus	2	
Opisthorchis spp.	2	
Paragonimus westermani	2	
Plasmodium falciparum	3 (**)	
Plasmodium spp. (manna- og apa-)	2	
Sarcocystis suihominis	2	
Schistosoma haematobium	2	
Schistosoma intercalatum	2	
Schistosoma japonicum	2	
Schistosoma mansoni	2	
Schistosoma mekongi	2	
Strongyloides stercoralis	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Strongyloides spp.	2	
Taenia saginata	2	
Taenia solium	3 (**)	
Toxocara canis	2	
Toxoplasma gondii	2	
Trichinella spiralis	2	
Trichuris trichiura	2	
Trypanosoma brucei brucei	2	
Trypanosoma brucei gambiense	2	
Trypanosoma brucei rhodesiense	3 (**)	
Trypanosoma cruzi	3	
Wuchereria bancrofti	2	

(**) Sjá 8. lið í inngangsathugasemdum.

Sveppir

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Aspergillus fumigatus	2	A
Blastomyces dermatitidis (ajellomyces dermatitidis)	3	
Candida albicans	2	A
Coccidioides immitis	3	A
Cryptococcus neoformans var. neoformans (filobasidiella neoformans var. neoformans)	2	A
Cryptococcus neoformans var. gattii (filobasidiella bacillispora)	2	A
Emmonsia parva var. parva	2	
Emmonsia parva var. crescens	2	
Epidermophyton floccosum	2	A
Fonsecaea compact	2	
Fonsecaea pedrosoi	2	
Histoplasma capsulatum var. capsulatum (ajellomyces capsulatus)	3	
Histoplasma capsulatum duboisii	3	
Madurella grisea	2	
Madurella mycetomatis	2	
Microsporum spp.	2	A
Neotestudina rosatii	2	
Paracoccidioides brasiliensis	3	
Penicillium marneffei	2	A
Sporothrix schenckii	2	
Trichophyton rubrum	2	
Trichophyton spp.	2	

IV. VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM FRAMKVÆMD HEILSUEFTIRLITS MEÐ STARFSMÖNNUM.
(8. mgr. 13. gr.)

1. Þeir sem annast skulu heilsueftirlit með starfsmönnum sem geta orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum verða að þekkja aðbúnað og aðstæður hvers starfsmanns sem þannig er ástatt um.
2. Heilsueftirlit með starfsmönnum verður að fara fram samkvæmt meginreglum og starfsaðferðum atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal það fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi:
   — að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns;
   — að fram fari persónulegt mat á heilsufari starfsmanns;

— að fram fari, eftir því sem við á, líffræðilegt eftirlit og greining á einkennum sem koma snemma fram og unnt er að bæta úr.

Heimilt er að kveða á um frekari rannsóknir á einstökum starfsmönnum sem lúta heilsueftirliti í ljósi aukinnar þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði.

V. VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM EINANGRUNARRÁÐSTAFANIR OG EINANGRUNARSTIG.

(3. tölul. 14. gr. og a- og b-liðir 1. tölul. 15. gr.)

Almenn athugasemd.

Ráðstafanir samkvæmt viðauka þessum skulu gerðar með hliðsjón af eðli starfseminnar, mati á áhættu vegna starfsmanna og eðli þess líffræðilega skaðvalds sem um er að ræða.

A	B		
	Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	2	3	4
1. Vinnustaður skal aðskilinn frá annarri starfsemi í sömu byggingu	Nei	Æskilegt	Já
2. Inn- og útblástursloft til vinnustaðarins skal síað með HEPA-síu eða sambærilegum búnaði	Nei	Já, útblástursloft	Já, bæði inn- og útblástursloft
3. Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn	Æskilegt	Já	Já, um loftlás
4. Unnt skal vera að loftþétta vinnustaðinn til sótthreinsunar	Nei	Æskilegt	Já
5. Sérstaklega tilgreindar aðferðir við sótthreinsun	Já	Já	Já
6. Loftþrýstingi á vinnustað skal haldið lægri en utanhúss	Nei	Æskilegt	Já
7. Aðgerðir til takmörkunar á smitberum, svo sem nagdýrum eða skordýrum	Æskilegt	Já	Já
8. Yfirborðsfletir sem ekki taka í sig vatn og auðvelt er að þrífa	Já, á vinnuborðum	Já, á vinnuborðum og gólfum	Já, á vinnuborðum, gólfum, veggjum og lofti
9. Yfirborðsfletir sem þola sýrur, basa, leysiefni og sótthreinsunarefni	Æskilegt	Já	Já
10. Örugg geymsla fyrir líffræðilega skaðvalda	Já	Já	Já, fullkomlega trygg geymsla
11. Hafa skal athugunarglugga eða samsvarandi búnað, svo unnt sé að horfa á þá sem inni eru	Æskilegt	Æskilegt	Já
12. Rannsóknarstofa skal búin eigin tækjum	Nei	Æskilegt	Já

A	B Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	2	3	4
13. Efni sem smitað hefur verið, þar á meðal dýrum, skal komið fyrir í öryggis- eða innilokunarskápum, eða annarri viðeigandi geymslu	Þar sem við á	Já, ef smit getur borist um loft	Já
14. Brennari til að farga dýrahræjum	Æskilegt	Já, til afnota	Já, á staðnum

VI. VIÐAUKI

EINANGRUNARRÁÐSTAFANIR Í IÐNAÐI.

(3 tölul. 4. gr. og 2. tölul. 15. gr.)

Líffræðilegir skaðvaldar af 1. flokki.
Þegar unnið er með líffræðilega skaðvalda af 1. flokki, þar með talið veikt lifandi bóluefni, skal farið eftir góðum starfsvenjum um öryggi og hreinlæti á vinnustöðum.

Líffræðilegir skaðvaldar af 2., 3. og 4. flokki.
Nauðsynlegt getur reynst að velja og sameina kröfur um einangrun í hinum ýmsu flokkum hér að neðan á grundvelli áhættumats varðandi ákveðna aðferð eða þátt í vinnslu.

A	B Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	2	3	4
1. Lífvænlegar örverur skulu við vinnslu meðhöndlaðar í lokuðu kerfi sem aðskilur þær frá umhverfinu	Já	Já	Já
2. Með loft frá hinu lokaða kerfi skal farið þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
3. Standa skal að sýnatöku, viðbót á efnum til hins lokaða kerfis og flutningi á lífvænlegum örverum til annars lokaðs kerfis þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
4. Ekki má taka verulegt magn ræktunarvökva úr hinu lokaða kerfi nema hann hafi verið:	Dauðhreinsaður með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum

A	B		
	Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	2	3	4
5. Þéttingar skulu vera þannig gerðar að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
6. Hinum lokuðu kerfum skal komið fyrir innan afmarkaðs eftirlitssvæðis	Valkvætt	Valkvætt	Já, sem sérstaklega er ætlað fyrir þau
a) Sett skulu upp skilti um hættu af líffræðilegum toga	Valkvætt	Já	Já
b) Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn	Valkvætt	Já	Já, um loftlás
c) Starfsmenn skulu klæðast sérstökum hlífðarfötum	Já, vinnufötum	Já	Já, full fataskipti
d) Aðstaða skal vera fyrir starfsmenn til hreinsunar og þvotta	Já	Já	Já
e) Starfsmenn skulu taka steypibað áður en eftirlitssvæðið er yfirgefið	Nei	Valkvætt	Já
f) Frárennslisvatni frá vöskum og steypiböðum skal safnað saman og það dauðhreinsað áður en því er veitt frá	Nei	Valkvætt	Já
g) Eftirlitssvæðið skal loftræst á fullnægjandi hátt til að draga sem mest úr loftmengun	Valkvætt	Valkvætt	Já
h) Loftþrýstingi á eftirlitssvæðinu skal haldið lægri en utanhúss	Nei	Valkvætt	Já
i) Loft til og frá eftirlitssvæðinu skal síað með HEPA-síu	Nei	Valkvætt	Já
j) Unnt skal vera að takmarka við eftirlitssvæðið útbreiðslu efnis sem berst úr hinu lokaða kerfi	Nei	Valkvætt	Já
k) Unnt skal vera að loftþétta eftirlitssvæðið til sótthreinsunar	Nei	Æskilegt	Já
l) Meðhöndlun á frárennslisvatni áður en það er endanlega leitt brott	Dauðhreinsað með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum

18. október 1996 Nr. 555

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.